

**69. stjórnarfundur, símafundur haldinn í Reykjavík 12. júní 2013.**

Mætt: Kristveig Sigurðardóttir, Rósa Björk Halldórsdóttir, Böðvar Pétursson, Björn Ármann Ólafsson, Reynir Arnarson, Elín Heiða Valsdóttir, Sigrún Helgadóttir og Snorri Ingimarsson og einnig Þórður H. Ólafsson, framkvæmdastjóri.  
Árni Geirsson frá Alta sat einnig fundinn.

Fundur hófst kl.16:15

1. *Samþykki dagskrár*

- *Dagskráin var samþykkt samhljóða.*

2. *Stjórnunar- og verndaráætlun*

- Fyrir lágu drög að nýrri Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir þjóðgarðinn dagsett 3. júní 2013.
- Lagfærð voru þar einstaka atriði, en eftir er að skrifa inn lokatexta á nokkrum stöðum og fengu framkvæmdastjóri og Árni Geirsson umboð til að ljúka þeirri vinnu. Endanlega útgáfan verður send til stjórnar þegar þeirri vinnu verður lokið.
- Tekin var til atkvæðagreiðslu tillaga frá áheyrnarfulltrúa Snorri Ingimarssyni, um að Vonarskarð verði opið fyrir vélknúinni umferð frá 1. september og var tillagan felld með öllum greiddum atkvæðum.
- Tekin var til atkvæðagreiðslu fyrrgreind framlögð útgáfa að drögum að nýrri Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir þjóðgarðinn og var hún samþykkt í heild með öllum greiddum atkvæðum, en áheyrnarfulltrúi Snorri Ingimarsson gerði athugasemd við ákvörðun um Vonarskarð og lagði þar fram eftirfarandi bókun:

*Bókun SI:*

*„Ég mótmæli harðlega þeirri afgreiðslu stjórnar VJP að láta lokun sína á vélknúna umferð um Vonarskarð gilda áfram, meðal annars með þeim ummælum að í innsendum athugasemdum hafi „ekkert nýtt komið fram“. Með þessu er stjórn VJP að gera lítið úr vinnu þeirra fjölmörgu einstaklinga og fulltrúum stórra félagasamtaka sem lögðu mikla vinnu í að senda inn ítarlegar og vandaðar umsagnir. Í öllum umsögnum þar sem tekin var afstaða til umferðar um Vonarskarð er mælt með haustopnun fyrir vélknúna umferð en það virðir stjórn VJP að vettugi.*

*Með þessari afgreiðslu tel ég stjórn VJP vera að mismuna ferðafólki gróflega eftir ferðamáta. Ekki hefur verið sýnt fram á að vélknúin umferð valdi náttúruspjöllum ef ökuleiðin liggur hefðbundna leið austan við fjallið Deili og ekki veldur vélknúin um ferð í september öðru ferðafólki truflunum í júlí og ágúst.*

*Stjórn VJP ber fyrir sig skýrslu rannsóknarhóps um Vonarskarð í ákvörðun sinni. Í innsendum athugasemdum benda flestir umsagnaraðilar á mikla galla í*

*Þessari skýrslu en stjórn VJP tekur ekki mark á því. Meðal alvarlegra athugasemda í innsendum athugasemdum um skýrslu rannsóknarhópsins er að þar er ekki fjallað um stóra manngerða varnargarða í miðju Vonarskarðinu, lega ökuleiðarinnar gegnum Vonarskarðið er hvergi sýnd og að rannsóknarhópurinn lýsir því yfir í skýrslunni að niðurstaðan sem þar kemur fram sé þeirra persónulega skoðun. Að mínu mati gera þessi atriði ásamt fjölmörgum öðrum sem bent er á, skýrsluna marklitla.*

*Með þessu framferði kýs stjórn VJP að fara með áframhaldandi ófriði gegn fjölmönnum útivistarsamtökum sem hafa ítrekað rétt fram sáttarhönd í málefnum Vonarskarðs. Ég dreg í efa að slík aðför þjóni hagsmunum VJP en í siðareglum sem stjórnin setti sér sjálf er meðal annars skýrt kveðið á um að sjórnarmenn skuli gæta hagsmuna VJP.*

*Ég bendi enn á þá tvöfeldni hjá VJP að halda á lofti merkjum náttúrverndar við takmörkun á umferð dæmigerðra íslenskra ferðamanna á sama tíma og VJP vinnur að auknum ferðamannastraumi til landsins með tilheyrandi mengun og náttúrspjöllum.*

*Í fundargerð 67. stjórnarfundar kemur fram að stjórn felur framkvæmdastjóra að senda samantekt um innsendar athugasemdir minnst viku fyrir næsta stjórnarfund. Þessi gögn voru send til stjórnar einungis fimm dögum fyrir fundinn og í beinu framhaldi af því að undirritaður gerði athugasemd um að þessi gögn hefðu ekki borist.*

*Með þessu móti varð undirrituðum erfitt um vik að ráðfæra sig við stórt bakland. Þetta er algerlega ótæk stjórnsýsla af hálfu stofnunar sem hefur mikið vald og notar það á þann hátt sem birtist í afgreiðslu þessa umdeilda máls.“*

### 3. Svör við athugasemdum við Stjórnunar- og verndaráætlun

- Fyrir lá áður framlögð útgáfa að drögum að svörum við innsendum athugasemdum, dagsett 3. júní 2013.

Nokkr lagfæringar voru gerðar á texta á einstaka stað og voru drögin samþykkt þannig til lokafrágangs og útsendingar, en áheyrnarfulltrúi, Snorri Ingimarsson, gerði athugasemd við fyrirbyggjandi tillögu að texta að svari við spurningu um *mismunun eftir ferðamáta*. Textinn í svarinu er:

#### **Mismunun eftir ferðamáta**

Fyrirliggjandi drög að svari eru:

Ökuleiðakerfið sem nú er í Þjóðgarðinum nær til flestra leiða sem mest hafa verið farnar undanfarna áratugi á vélknúnum ökutækjum og þær veita aðgang að flestum viðkomustöðum sem þykja hvað áhugaverðastir. Nokkrar leiðir eru opnar fyrst og fremst vegna upplifunargildis ferðarinnar sjálfrar. Aðgengi vélknúinna ökutækja að Þjóðgarðinum hefur því ekki verið skert verulega frá fyrri tíð né heldur er það verra en gengur og gerist í Þjóðgörðum erlendis. Um nokkrar leiðir hafa verið skiptar skoðanir og þar hefur Þjóðgarðurinn tekið varfærna afstöðu. Þjóðgarðurinn vill hafa gott samráð við hagsmunaaðila og er

tilbúinn til að breyta fyrri ákvörðunum, þegar nýjar athuganir og rannsóknir gefa tilefni til. Breytingartillaga að nýrri Stjórnunar- og verndaráætlun ber þess merki.

*Bókun SI vegna svars VJP:*

*„Ég tel of sterkt tekið til orða þegar fullyrt er að ökuleiðakerfið í þjóðgarinu nái til „flestra leiða“ sem mest hafa verið farnar undanfarna áratugi. Réttara væri að segja að VJP gerði talsverða grisjun á ökuleiðum. Einnig tel ég alrangt að VJP hafi tekið „varfærna afstöðu“ þegar VJP er að loka leiðum eins og Vonarskarði þrátt fyrir harða andstöðu útivistarfólks.“*

Fundi lauk kl. 17:15